

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3030
komudagur 26.6.2008

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2008
KSG/SLB/042/08

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkraskrár, 635. mál, heildarlög.

Vísað er til erindis heilbrigðisnefndar Alþingis dags. 4. júní 2008 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frumvarp til laga um sjúkraskrár, 635. mál, heildarlög.

Tryggingastofnun fagnar frumvarpinu og telur tvímælalaust að verði það að lögum muni það verða í senn bæði til þess auka öryggi sjúklinga og hagkvæmni í heilbrigðisþjónustunni.

Tryggingastofnun leyfir sér þó að vekja athygli á því að stofnunin hefur sérstöðu að því leyti að hún telst ekki vera heilbrigðisstofnun en hefur samt sem áður í sinni vörslu mikið magn sjúkraskrárupplýsinga. Flest ákvæði frumvarpsins, sbr. skilgreiningar, ganga hins vegar út á að um heilbrigðisstofnanir sé að ræða. En til þess að Tryggingastofnun geti sinnt hlutverki sínu til ákvörðunar og greiðslu hinna ýmsu bóta er henni eins og kunnugt er nauðsynlegt að fá og varðveita læknisfræðilegar upplýsingar. Telur stofnunin tvímælalaust að ýmis ákvæði frumvarpsins, t.d. um varðveislu sjúkraskráa og aðgang að sjúkraskrárupplýsingum ættu að gilda um sjúkraskrárupplýsingar í vörslu stofnunarinnar. Eftir atvikum telur Tryggingastofnun því vert að skoða hvort eðlilegt sé að setja ákvæði um Tryggingastofnun og sérstöðu hennar inn í frumvarpið eða breyta skilgreiningum þannig að ákveðin ákvæði frumvarpsins nái ótvírætt yfir sjúkraskrárupplýsingar í vörslu stofnunarinnar. Hið sama myndi væntanlega eiga við um nýja sjúkratryggingastofnun ef frumvarp þar um verður að lögum.

Að ofangreindu frátöldu gerir Tryggingastofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri